



**FRÉTTABRÉF FYRIR MARS
2012**

FELLA- OG HÓLAKIRKJA

Með þessu fréttabréfi langar mig að færa þér upplýsingar um það sem fer fram í kirkjunni okkar. Starfið þar er ótrúlega fjölbreytt og margt um að vera á hverjum degi. Ég bið þig um að kynna þér það sem er í boði, sækja það sem þig langar að sækja. Ekki síður tel ég það mikilvægt að kynna kirkjustarfið fyrir vinum þínum og kunningjum. Það er gaman að geta boðið með sér vinum sínum og sýnt þeim allt það góða og jákvæða sem fram fer í kirkjunni okkar. Við skulum muna, að kirkjan verður aldrei blómlegri en þegar flestir sækja hingað og finna hér styrk og kraft til að takst á við daglegt líf. Guð blessi starfið okkar og vertu alltaf velkomin !



Sr. Svavar Stefánsson

**GUÐSPJÓNUSTUR OG SUNNUDAGASKÓLI
ALLA SUNNUDAGA**

**VIÐ BYRJUM STUNDVÍSLEGA KL. 11
HRESSING Á EFTIR !**



HELGIHALD Í MARS

Hér að neðan eru upplýsingar um helgihald í Fella- og Hólakirkju í mars 2012

4. mars, kl. 11 Kríla- og fjölskylduguðsþjónusta. Prestur sr. Svavar Stefánsson. Lok námskeiðs um krílasálma
4. mars, kl. 20 Æskulýðssamvera með fjölþættri dagskrá á æskulýðsdegi þjóðkirkjunnar Allir velkomnir!
11. mars kl. 11 Messa. Prestur sr. Guðmundur Karl Ágústsson
18. mars kl. 11 Guðsþjónusta.
Prestur sr. Svavar Stefánsson
25. mars kl. 14 Fermingarmessa í Hólabrekkusókn.
Prestur sr. Guðmundur Karl Ágústsson

Af sönglofti kirkjunnar

Í Fella- og Hólakirkju er starfandi kirkjukór með alls um 25 félagamönnum. Stjórnandi er Guðný Einarsdóttir, organisti. Kórinn syngur við flestar athafnir í kirkjunni.

Guðný hefur í vetur verið með stutta tónleika, örtónleika, eftir messu þar sem hún hefur kynnt og leikið eitt tónverk.



Þann 11. mars verður Guðný með örtónleika eftir messu. Að þessu sinni verða tónleikarnir sérstaklega ætlaðir börnum og unglíngum. Aðgangur öllum heimill og ókeypis.

Vert er að hvetja þennan aldurshóp til að koma og njóta góðrar tónlistar !

VERKEFNI Í SUNNUDAGASKÓLANUM

Á hverjum sunnudegi er sérstakt verkefni unnið með börnunum í sunnudagaskólanum. Svona verða verkefnin í mars. Umsjón hefur Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni

| | |
|-----------------|--|
| 4. mars | Kríla- og fjölskylduguðsþjónusta |
| 11. mars | “Búum til kór” |
| 18. mars | Söngvagleði |
| 25. mars | Gróðursetning og afmælisbörn fá viðurkenningu |

KIRKJUSTARF ELDRÍ BORGARA

Í kirkjustarfi eldri borgara, sem fram fer í kirkjunni á þriðjudögum, er snædd súpa og brauð eftir kyrrðarstund í kirkjunni. Þá er dagskrá í stuttan tíma. Umsjón hefur Ragnhildur Ásgeirsdóttir, djákni

Boðið er upp á akstur til og frá kirkju fyrir vægt verð. Hafðu samband við kirkjuna ef þú þarft akstur!

Við bjóðum líka alla nýja þáttakendur velkomna!

Kyrrðarstundirnar hefjast kl. 12

6. mars: “Sagan um Bókmenntafélagið”

13. mars: Elvis—lög!

20. mars: “Maríusystur”

27. mars: “Hvað er líknar-meðferð?”

Samverum lýkur kl. 16:00



FELLA- OG HÓLAKIRKJA

Fjölmargt er um að vera í kirkjunni fyrir alla aldurshópa !

*Helgibald—kóræfingar—litrófið— barnastarf—
samverur eldri borgara—fermingarfræðsla— barna- og
æskulyðsstarf— foreldramorgnar—sorgarhópar—sálgasla—
ráðgjöf*

Hafðu samband og við munum leiðbeina þér !

**Kóræfingar,
Þriðjudaga kl. 20**

Söngstjóri: Guðný Einarsdóttir í síma
698-9307

Listasmiðjan Litróf

Ragnhildur Ásgeirsdóttir í síma
864—0567

**Foreldramorgnar hvern
fimmtudag kl. 10-12**

Umsjón hafa kirkjuverðir, Jóhanna
Freyja Björnsdóttir og Kristín
Ingólfsdóttir

**Kirkjusími og
upplýsingar**

Sími 557– 3280
Heimasíða: www.fellaogholakirkja.is

Viðtalstímar sóknarprestanna eru sem hér segir:

Fellasókn. Sr. Svavar Stefánsson. Mánudaga-fimmtudaga milli 11-12.
S. 557-3300. Netf. svavar.stefansson@kirkjan.is

Hólabrekkusókn. Sr. Guðmundur Karl Ágústsson. Þriðjudaga til
föstudaga kl. 11-12. S. 557-5577
Netf. gudhvor@simnet.is